

Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalín,
skipulagsfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. maí 2014
Tilvísun: UST20140400093/bs

Deiliskipulag - Hverir austan Námafjall - Verslunar- og þjónustusvæði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps dags. 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir göngustígum á færanlegum timburpöllum til þess að stýra gangandi umferð betur um jarðhitasvæðið. Stækkun bílastæðis til austurs frá núverandi bílastæðum nær yfir svæði sem er fremur gróðursnautt.

Umhverfisstofnun telur að þær framkvæmdir sem hér um ræðir séu til þess fallnar að stýra betur umferð ferðamanna um svæðið og draga þannig úr álagi, auk þess sem hér er að mestu um afturkræfar framkvæmdir að ræða.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif deiliskipulags geti orðið vegna þjónustubyggingar við Hveri. Húsið verður að líkindum nokkuð áberandi á sléttu landi við Hveri. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að lögð verði áhersla á vandaða hönnun byggingarinnar og að frágangur mannvirkja og næsta nágreinis verði góður. Hér er um svæði að ræða sem er óbyggt á sléttu landi í næsta nágreini Hringvegur 1. Öll mannvirki sem þarna verða reist verða því mjög áberandi og því meiri ástæða er til þess að vanda til verka. Í því sambandi ætti að kanna hvort uppbygging í fleiri áföngum væri æskileg. Umhverfisstofnun telur að við gerð deiliskipulags eigi að lita til þess að hverasvæðið er ekki stórt og gæta þarf þess að fyrirhuguð mannvirki séu ekki það umfangsmikil að þau verði yfirþyrmandi stór í samanburði við sjálft hverasvæðið.


Í lið 2.6. í greinargerð kemur fram að þjónustubygging er hugsuð sem aðstaða fyrir starfsfólk vegna innheimtu á aðgangseyri sbr.:


2.6 Þjónustubygging

Gert er ráð fyrir þjónustubyggingu sunnan og vestan fyrirhugaðra bílastæða. Í þjónustubyggingu er m.a. gert ráð fyrir salernum fyrir ferðamenn, aðstöðu fyrir starfsfólk og aðstöðu vegna innheimtu á aðgangseyri inn á svæðið. Þá er gert ráð fyrir þeim möguleika að verslun og veitingasala verði í byggingunni.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 12. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er almenningi heimil för um landið og dvöl í lögmætum tilgangi. Jafnframt kemur fram að öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spilt. Stofnunin bendir á að ekki eru tilgreindar heimildir til gjaldtöku fyrir aðgang að náttúrunni í lögunum.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur

